

SIEMENS



Carat binax™ Carat A binax™

Notendahandbók

www.siemens.com/hearing



Lífið hljómar dásamlega skýrt.

Efnisyfirlit

Velkomin	4
Heyrnartækin þín	5
Gerð heyrnartækjanna	5
Fyrstu kynni við heyrnartækin	5
Einstakir hlutar og heiti	6
Stjórn tæki	8
Stillingar	9
Rafhlöður	10
Stærð rafhlöðu og leiðbeiningar um meðferð hennar	10
Skipt um rafhlöður	11
Hleðslurafhlöður	12
Dagleg notkun	13
Að kveikja og slökkva	13
Heyrnartækin sett á og tekin af	15
Hljóðstyrkurinn stilltur	18
Hlustunarforritinu breytt	19
Fleiri stillingar (valkvæðar)	19
Sérstakar aðstæður til hlustunar	20
Stilling á stefnuvali (valkostur)	20
Í símanum	22
Spanlykkjur fyrir hljóð	24
Hljóðinngangur (FM kerfi)	25

Viðhald og umhirða	27
Heyrnartæki	27
Eyrnatappar	28
Viðhald fagmanna	30
Aðrar upplýsingar	31
Þráðlaus virkni	31
Fylgihlutir	31
Táknin sem notuð eru í þessum bæklingi	31
Bilanagreining	32
Þjónustuupplýsingar	34
Sérstakar landsupplýsingar	35

Velkomin

Bestu þakkir fyrir að velja Siemens heyrnartæki til að fylgja þér í daglega lífinu. Það er eins og með allar nýjungar að það getur tekið þig dálítinn tíma að venjast þeim.

Þessar leiðbeiningar ásamt stuðningi frá heyrnarfræðingi hjálpa þér að gera þér grein fyrir þeim kostum og betri lífsgæðum sem heyrnartækin bjóða upp á.

Til þess að þú fáiir sem mest út úr heyrnartækjunum mælum við með að þú notir þau á hverjum degi, allan daginn. Það hjálpar þér að venjast þeim.



AÐVÖRUN

Það er mjög mikilvægt að þú lesir þessa notendahandbók og öryggishandbókina vandlega og til fulls. Farðu alltaf eftir öryggisupplýsingunum til að komast hjá skemmdum eða slysum.

Heyrnartækin þín

i

Þessar leiðbeiningar innihalda lýsingu á ýmsum valkostum sem heyrnartækin eru með eða eru hugsanlega ekki með.

Fáðu upplýsingar hjá heyrnarfræðingi sem getur sýnt þér hvaða atriði eiga við um þín heyrnartæki.

Gerð heyrnartækjanna

Heyrnartækin þín eru með móttakara í hlust. Móttakaranum er komið fyrir í hlustinni og tengdur við heyrnartækið með leiðslu. Þessi heyrnartæki eru ekki ætluð fyrir ungbörn, lítil börn eða geðfatlaða einstaklinga.


Fyrstu kynni við heyrnartækin

Við mælum með því að þú kynnir þér heyrnartækin vandlega. Haltu á þeim í lófanum og prófaðu að nota stjórnartækin og taktu eftir því hvar þau eru staðsett á tækinu. Þannig verður auðveldara fyrir þig að finna og ýta á stjórnartækin meðan þú ert með heyrnartækin á þér.

i




Ef þú átt í vandræðum með að ýta á stjórnartækin á heyrnartækjunum meðan þú ert með þau á þér skaltu tala við heyrnarfræðing í sambandi við fjarstýringu.

Einstakir hlutar og heiti





-
- | | |
|--|---|
| 1 Eyrnatappi | 7 Rafhlöðuhólf
(kveikt/slökkt rofi) |
| 2 Móttakari | |
| 3 Móttakaraleiðsla | 8 Merki fyrir hlið
(rautt = hægra eyra,
blátt = vinstra eyra) |
| 4 Op fyrir hljóðnema | |
| 5 Veltirofi (stjórn tæki) | 9 Móttakaratengi |
| 6 Hleðslutengi (aðeins
Carat binax) | |
-

Þú getur notað staðlaða eða sérhannaða eyrnatappa.


Staðlaðir eyrnatappar	Stærð
<input type="checkbox"/> 	Click Dome™ stakur (opinn eða lokaður)
<input type="checkbox"/> 	Click Dome hálfopinn
<input type="checkbox"/> 	Click Dome tvöfaldur

Það er auðvelt að skipta um staðlaða eyrnatappa.
Nánari upplýsingar í kaflanum „Viðhald og umhirða“.

Sérhannaðir eyrnatappar	
<input type="checkbox"/> 	Sérhönnuð skel
<input type="checkbox"/> 	Click Mold™ (smellumót)

Stjórnæki

Með veltirofanum er til dæmis hægt að stilla styrkinn eða skipta milli heyrnarforrita. Heyrnarsérfræðingur hefur forritað veltirofann með aðgerðum sem þú kýst.



Þú getur einnig notað fjarstýringu.

Virgni veltirofans	L=vinstri	R=hægri
Ýttu stutt:		
Forrit upp/niður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Styrkur upp/niður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hljóðstyrkur fyrir eyrnasuð upp/niður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Jafnvægi hljóðs	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stefnuval (stilling á rýmdartilfinningu)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hljóðblandari (hljóðinngangur)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ýttu lengi:		
Í bið/kveikja	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Forrit upp/niður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ýttu mjög lengi:		
Í bið/kveikja	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

L = vinstri, R = hægri

Stillingar

Heyrnarforrit

1

2

3

4

5

6

Nánari upplýsingar í kaflanum „Skipt um heyrnarforrit“.

Helstu atriði

Töf á ræsingu hægt er að setja heyrnartækin í án ískurs. Nánari upplýsingar í kaflanum „Kveikt og slökkt á tækinu“.

AutoPhone™ skiptir sjálfkrafa á símaforritið þegar símtólið kemur nálægt eyranu. Nánari upplýsingar í kaflanum „Í símanum“.

Hljóðgjafinn fyrir eyrnasuð myndar dauft hljóð sem beinir athygli þinni frá eyrnasuðinu.

Rafhlöðurnar á heyrnartækjum með **hleðslutengi** eru hlaðnar með því að setja tækið einfaldlega í hleðslutækið. Þegar hleðslunni er lokið fjarlægir hleðslutækið raka úr heyrnartækjunum.

Með **e2e þráðlausri** virkni er hægt að stjórna báðum heyrnartækjunum samtímis. Nánari upplýsingar í liðnum „Þráðlaus virkni“.

Rafhlöður

Þegar hleðsla rafhlöðunnar er orðin lítil dofna hljóðið eða þú heyrir viðvörðunarkerki. Það fer eftir gerð rafhlöðunnar hve langan tíma þú hefur til að skipta um rafhlöðu eða hlaða hana.

Stærð rafhlöðu og leiðbeiningar um meðferð hennar

Fáðu nánari upplýsingar hjá heyrnarfræðingi um rafhlöðurnar sem mælt er með.

Stærð rafhlöðu:

13

- Notaðu alltaf rétta stærð af rafhlöðu fyrir heyrnartækin.
- Ef þú ætlar ekki að nota heyrnartækin í nokkra daga skaltu taka rafhlöðurnar úr þeim.
- Vertu alltaf með rafhlöður til vara.
- Taktu tómar rafhlöður úr strax og farðu eftir staðbundnum reglum um förgun þeirra.

Skipt um rafhlöður

Rafhlaðan tekin úr:

- ▶ Opnaðu rafhlöðuhólfið.



- ▶ Notaðu segulpinnann til að ná rafhlöðunni út. Segulpinninn er fánlegur sem aukabúnaður.



Rafhlaðan sett í:

- ▶ Ef hlífðarplast er utan á rafhlöðunni skal ekki taka það af fyrr en þú ætlar að nota hana.



- ▶ Settu rafhlöðuna í þannig að „+“ táknið snúi upp (sjá mynd).



- ▶ Lokaðu rafhlöðuhólfinu varlega. Ef þú finnur mótstöðu þá er rafhlaðan ekki rétt sett í.

Reyndu ekki að loka rafhlöðuhólfinu með afli. Það gæti skemmst.

Hleðslurafhlöður

Það þarf að hlaða hleðslurafhlöður áður en þær eru notaðar í fyrsta sinn.

- ▶ Farðu eftir leiðbeiningunum um notkun á hleðslutækinu til að hlaða rafhlöðurnar.

Eftir margar hleðslur getur endingartími rafhlöðunnar minnkað. Ef vart verður við þetta skaltu skipta hleðslurafhlöðunni út og setja nýja í staðinn. Við þá skaltu fara eftir leiðbeiningunum um útskipti á rafhlöðum.

Dagleg notkun

Að kveikja og slökkva

Þú getur kveikt og slökkt á heyrnartækjunum á nokkra mismunandi vegu.

Með rafhlöðuhólfinu:

- ▶ Kveikt: Lokaðu rafhlöðuhólfinu.
Tækin stillast á **sjálfgefinn** styrk og heyrnarforrit.
- ▶ Slökkt: Opnaðu rafhlöðuhólfið að fyrsta haki.

Að hleðslu lokinni:

- ▶ Kveikt: Taktu tækin úr hleðslutækinu.
Tækin stillast á **sjálfgefinn** styrk og heyrnarforrit.

Með veltirofanum:

- ▶ Kveikt eða slökkt: Ýttu á veltirofann og haltu honum niðri í nokkrar sekúndur. Sjá kaflann „Stjórn tæki“ um stillingar veltirofans.
Þegar kveikt er á tækinu er áfram stillt á þann styrk og heyrnarforrit sem **síðast** var stillt á.

Með fjarstýringu:

- ▶ Farðu eftir leiðbeiningunum í notendahandbók fjarstýringarinnar.

Þegar kveikt er á tækinu er áfram stillt á þann styrk og heyrnarforrit sem **síðast** var stillt á.

Þegar þú ert með heyrnartækin getur viðvörunarhljóð heyrst þegar kveikt er eða slökkt á heyrnartæki.

Ef **ræsingartöf** er virk kveikja heyrnartækin á sér eftir nokkurra sekúndna töf. Þetta gefur þér tíma til að setja heyrnartækin í eyrun án þess að óþægilegt ískur heyrst vegna samverkunar hljóðnemans og hátalarans.

Heyrnarfræðingur getur virkjað „ræsingartöfina“ fyrir þig.

Heyrnartækin sett á og tekin af

Heyrnartækin hafa verið fínstillt fyrir vinstra og hægra eyra. Merki í lit sýna hvorum megin þau eiga að vera:

- rautt merki = hægra eyra
- blátt merki = vinstra eyra




Heyrnartækið sett í:

- ▶ Haltu um móttakarleiðsluna við beygjuna sem er við eyrnatappann.
- ▶ Þrýstu eyrnatappanum varlega inn í hlustina ①.
- ▶ Snúðu honum örlítið til þannig að hann sitji þægilega.

Opnaðu munninn og lokaðu honum til að koma í veg fyrir að loft safnist upp í hlustinni.

- ▶ Lyftu upp heyrnartækinu og færðu það yfir eyrað ②.



AÐVÖRUN

Hætta á meiðslum!


- ▶ Settu eyrnatappann varlega og ekki of langt inn í hlustina.

i

- Það getur verið hentugt að setja **hægra** heyrnartækið í með **hægri** hendi og **vinstra** heyrnartækið með **vinstri** hendi.
- Ef þú átt í vandræðum með að setja eyrnatappann í notaðu hina hendina til að toga eyrnasnepilinn varlega niður á við. Þetta opnar hlustina og auðveldara verður að koma eyrnatappanum fyrir.


Hægt er að fá festilykkju sem aukabúnað til að halda eyrnatappanum í eyranu. Festilykkjan er sett í sem hér segir:

- ▶ Beygðu festilykkjuna og komdu henni vandlega fyrir neðst í eyrnaskálinni (sjá mynd).



Heyrnartækið tekið úr:

- ▶ Lyftu upp heyrnartækinu og færðu það yfir eyrað ①.
- ▶ Ef heyrnartækið er með sérsníðaða skel eða Click Mold (smellumót) er það tekið úr með því að toga í litla strenginn sem er aftan á höfðinu.
- ▶ Öll önnur heyrnartæki: Taktu um móttakarann í hlustinni með tveimur fingrum og dragðu hann varlega út ②.



AÐVÖRUN

Hætta á meiðslum!

- ▶ Í mjög sjaldgæfum tilfellum gæti eyrnatappinn orðið eftir í eyranu þegar heyrnartækið er tekið af. Ef þetta kemur fyrir þarf að láta heilbrigðisstarfsmann fjarlægja eyrnatappann.

Eftir notkun þarf að þrifa heyrnartækin og þurrka þau. Nánari upplýsingar í kaflanum „Viðhald og umhirða“.

Hljóðstyrkurinn stilltur

Heyrnartækin stilla hljóðstyrkinn sjálfkrafa eftir hlustunaraðstæðum.

- ▶ Ef þú villt stilla styrkinn skaltu ýta stutt á veltirofann eða nota fjarstýringu.

Sjá kaflann „Stjórntæki“ um stillingar veltirofans.

Valkvætt hljóðmerki getur gefið til kynna breytingu á hljóðstyrknum. Þegar stillt hefur verið á mesta eða minnsta hljóðstyrk getur heyrst valkvætt hljóðmerki.

Hlustunarforritinu breytt

Heyrnartækin stilla hljóðið sjálfkrafa eftir aðstæðum fyrir hlustun hverju sinni.

Heyrnartækin geta auk þess verið með ýmis hlustunarforrit sem þú getur notað til að breyta hljóðinu ef með þarf. Valkvætt hljóðmerki getur gefið til kynna breytingu á forritinu.

- ▶ Ef þú villt breyta hlustunarforritinu skaltu ýta á veltirofann eða nota fjarstýringu.

Sjá kaflann „Stjórntæki“ um stillingar veltirofans.

Sjá kaflann „Stillingar“ um lista yfir hlustunarforritin.

i

Ef AutoPhone möguleikinn er virkjaður skiptir hlustunarforritið sjálfkrafa yfir í símaforrit þegar símtólið er í grennd við eyrað.

Nánari upplýsingar í kaflanum „Í símanum“.

Fleiri stillingar (valkvæðar)

Einnig er hægt að nota stjórntæki heyrnartækjanna til að breyta hljóðstillingu eða styrk hljóðsins gegn eyrnasuði, svo dæmi séu tekin. Með hljóðstillingu er hægt að stilla bassa og hátóna að vild.

Sjá kaflann „Stjórntæki“ um stillingar stjórntækjanna.

Sérstakar aðstæður til hlustunar

Stilling á stefnuvali (valkostur)

Ef þú vilt beina hlustun meira að viðmælanda þínum fyrir framan þig eða ef þú ætlar að hlusta í víðara rými – getur stillingin fyrir rýmd gert þér kleift að stjórna þessum atriðum að vild.

Hægt er að velja mismunandi stig – allt frá „stefna fram á við“ (mynd til vinstri) til „stefna að miðju“ (mynd í miðjunni) og „hlusta allt um kring“ (mynd til hægri).



Forsendur:

- Þú þarft að vera með tvö heyrnartæki.
- Veltihnappurinn á öðru heyrnartækinu þarf að vera stilltur á rýmdarstillinguna.

Sjá kaflann „Stjórntæki“ um stillingar veltirofans.

Enn fleiri valkostir eru til staðar ef notuð er viðeigandi fjarstýring eða snjallsími.

Stilling handvirk:

- ▶ Ef þú ert með nokkur hlustunarforrit þá skiptu á hlustunarforrit 1.
- ▶ Ýttu á veltirofann sem er stilltur fyrir þessa aðgerð. Sjálfgefin stilling er á miðstyrk.
- ▶ Ýttu á efri veltirofann til að skerpa hljóðmyndina fram á við og á neðri rofann til að hlusta á breiðari hljóðmynd.


Þessi aðgerð er ætluð til þess að hlusta á einstaka og tímabundna hlustun. Heyrnartækin fara aftur sjálfkrafa í sjálfgefna stillingu á forrit 1 ef hljóðumhverfið breytist umtalsvert eða eftir um 45 mínútur. Einnig er hægt að fara út úr þessari stillingu fyrir breytingu á hljóðmynd.

Til að fara út úr stillingunni á breytingu á hljóðmynd:

- ▶ Ýttu á rofann í hæsta eða lágsta styrk.
Valkvætt hljóðmerki getur gefið til kynna hæsta eða lágsta styrk.
- ▶ Ýttu eitt skref í viðbót.
Sama hljóðmerkið heyrir og fyrir breytingar á hlustunarforritinu sem gefur til kynna að þú hafir nú farið út úr stillingunni fyrir breytingu á hljóðmynd.

Í símanum

Þegar þú talar í símann skaltu halda heyrnartólinu rétt ofan við eyrað. Heyrnartækið og símtólið þurfa að vera samstillt. Snúðu símtólinu aðeins þannig að eyrað sé ekki alveg hulið.



Símaforrit

Ef til vill kýst þú ákveðinn hljóðstyrk þegar þú notar símann. Láttu heyrnarfræðinginn setja upp símaforrit.

- ▶ Stilltu á símaforritið þegar þú notar símann eða notaðu sjálfvirka forritsrofann.

Ef símaforritið eða sjálfvirki forritsrofinn er stilltur fyrir heyrnartækin þín er það á listanum í kaflanum „Stillingar“.

Sjálfvirkur forritsrofi (AutoPhone)

Heyrnartækið getur valið símaforritið **sjálfkrafa** þegar þú færir símtólið í grennd við heyrnartækið. Þegar símtalinu er lokið skaltu færa símtólið frá heyrnartækinu og það stillist sjálfkrafa á hljóðnema.

Ef þú kýst að nota þessa aðgerð skaltu biðja heyrnarfræðinginn að gera eftirfarandi:

- Virkja AutoPhone aðgerðina.
- Athuga segulsvið símtólsins.

Heyrnartækið greinir segulsvið símtólsins fyrir sjálfvirka forritsrofann. Ekki gefa allir símar frá sér segulsvið sem er nægilega sterkt til að virkja AudioPhone kerfið. Ef þannig er ástatt geturðu notað Siemens AutoPhone segulinn sem er fánlegur sem aukahlutur og setja hann á símtólið.

Sjá notendaleiðbeiningarnar fyrir AutoPhone segulinn um hvernig á að staðsetja hann.



ÁBENDING

Notaðu eingöngu AutoPhone segulinn sem er viðurkenndur. Segullinn er fánlegur hjá heyrnarfræðingnum þínum.

Spanlykkjur fyrir hljóð

Sumir símar og opinberir staðir svo sem leikhús bjóða upp á hljóðmerkið (tónlist og tal) gegnum spanlykkju fyrir hljóðsendingar. Heyrnartækin geta tekið beint við merkinu í þessu kerfi – án truflandi hávaða frá umhverfinu.

Hægt er að þekkja kerfi með spanlykkjum fyrir hljóð á sérstökum merkjum.



Fáðu heyrnarfræðinginn til að setja upp spanlykkjukerfi.

- ▶ Stilltu á spanlykkjuforritið þegar þú ert á stað þar sem er spanlykkjukerfi fyrir hljóð.

Ef spanlykkjukerfið fyrir hljóð er stillt fyrir heyrnartækin þín er það á listanum í kaflanum „Stillingar“.

Spanlykkjukerfi og fjarstýring



ÁBENDING

Fyrir heyrnartæki með þráðlausri tengingu: þegar spanlykkjukerfið er virkt getur fjarstýringin myndað púlsandi tón.

- ▶ Notaðu fjarstýringuna í fjarlægð sem er meiri en 10 cm (4 þumlungar).

Hljóðinngangur (FM kerfi)

Með hljóðinngangi er hægt að tengja heyrnartækin við FM kerfi. FM kerfið samanstendur af sendi og móttakara. Það tekur upp tal við uppsprettu talsins (gegnum sérstakan hljóðnema) og sendir hljóðið beint í heyrnartækin.

Hljóðmerkið er skýrara og verður ekki fyrir áhrifum frá slæmum hljómburði rýmisins. Þetta getur verið hentugt fyrir fullorðna þar sem hlustunarskilyrði eru erfið svo og fyrir börn í kennslustofu.

Flest FM kerfi geta tengst við hljóðgjafa svo sem MP3 spilara.

Athugasemdir:

- Rafhlöðuhólf með hljóðinngangi er aðeins fánlegt sem aukabúnaður fyrir Carat A heyrnartæki.
Annar valkostur er að notast má við tæki sem streymir hljóð (aukabúnaður) með innstungu fyrir FM móttakara.
- Biddu heyrnarfræðing að stilla heyrnartækin, til dæmis:
 - Stilla blöndu af hljóðinngangi og umhverfishljóðum.
 - Stilla veltirofann þannig að hægt sé að velja á milli hljóðinngangsins eingöngu, eingöngu umhverfishljóða eða blöndu af báðum.



VIÐVÖRUN

Hætta á raflosti!

Til að koma í veg fyrir mjög sjaldgæf tilfelli af raflosti:

- ▶ Notaðu hljóðinnanginn aðeins með tækjum eða FM kerfum sem ganga fyrir rafhlöðum.



VIÐVÖRUN

Hætta á raflosti!

- ▶ Tengdu hljóðinnganginn aðeins við tæki sem samrýmist IEC 60065, sem er IEC-staðall fyrir hljóð-, mynd- og annan rafeindabúnað.

Viðhald og umhirða

Til að koma í veg fyrir skemmdir er mikilvægt að þú sinnir heyrnartækjunum og farir eftir einföldum reglum sem verða brátt hluti af daglegum hefðbundnum verkum.

Heyrnartæki

Þurrkun og geymsla

- ▶ Þurrkaðu heyrnartækin yfir nótt.
- ▶ Fáðu nánari upplýsingar hjá heyrnarfræðingi um búnað sem mælt er með til þurrkunar.
- ▶ Ef ekki á að nota heyrnartækin í lengri tíma þarf að geyma þau með rafhlöðuhólfið opið og rafhlöðurnar teknar úr í þurrkunarbúnaði til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif frá raka.

Þrif

Heyrnartækin eru með varnarhúð. En ef heyrnartækin eru ekki þrifin reglulega geta þau skemmst eða valdið líkamstjóni.

- ▶ Notaðu mjúka, þurra pappírþurrku til að þrifa heyrnartækin daglega.
- ▶ Notaðu aldrei rennandi vatn og ekki skal dýfa tækjunum ofan í vatn.
- ▶ Aldrei skal beita þrýstingi við þrif.
- ▶ Fáðu upplýsingar hjá heyrnarfræðingi um hreinsiefni sem mælt er með, sérstök hreinsisettt eða nánari upplýsingar um hvernig á að halda heyrnartækjunum í góðu ástandi.



Eyrnatappar


Þrif

Eyrnamergur getur safnast upp í eyrnatöppunum. Þetta getur haft áhrif á hljóðgæði. Þrífa þarf eyrnatappana daglega.

Eftirfarandi á við um allar gerðir eyrnatappa:

- ▶ Þrífa þarf eyrnatappann með mjúkri og þurri pappírspurrku strax eftir að hann er tekinn úr.

Þetta kemur í veg fyrir að eyrnamergurinn verði þurr og harður.



Fyrir smellukúpur:

- ▶ Kreistu toppinn á kúpunni.




Útskipti

Skipta skal um hefðbundna eyrnatappa á um þriggja mánaða fresti. Skiptu oftar um þá ef þú tekur eftir sprungum eða öðrum breytingum á þeim. Aðferðin til að skipta um hefðbundnum eyrnatöppum er mismunandi eftir gerð eyrnatappans. Í kaflanum „Einstakir hlutar og heiti“, hefur heyrnarfræðingurinn merkt við þína gerð af eyrnatappa.

Skipt um smellukúpur

Ef þú átt í vandræðum með að fjarlægja gömlu smellukúpuna þarftu að nota sérstaka tækið til þess eða fara eftir leiðbeiningum á umbúðunum á smellukúpunum:



Sérstaka tækið til að fjarlægja kúpurnar er fánlegt sem aukabúnaður.

- ▶ Gættu þess sérstaklega að nýja smellukúpan smelli greinilega á sinn stað.



Viðhald fagmanna

Heyrnarsérfræðingurinn getur séð um vandleg, fagleg þrif og viðhald.

Láta þarf fagmann skipta um sérsníðaða eyrnatappa og eyrnamergssíur eftir þörfum.

Fáðu upplýsingar frá heyrnarfræðingi um sérstök ráð sem henta þér varðandi viðhald og aðstoð.

Aðrar upplýsingar

Þráðlaus virkni

Heyrnartækin eru með þráðlausa virkni. Þessi virkni samhæfir bæði heyrnartækin:

- Ef þú skiptir um forrit eða styrk á öðru heyrnartækinu þá breytist þetta á hinu tækinu sjálfkrafa.
- Bæði heyrnartækin aðlaga sig sjálfkrafa að hlustunaraðstæðum samtímis.

Þráðlaus virkni gerir notkun fjarstýringar mögulega.

Fylgihlutir

Þeir fylgihlutir sem eru fáanlegir fara eftir gerð heyrnartækisins. Sem dæmi er hægt að fá fjarstýringu, streymingarbúnað fyrir hljóð eða app fyrir fjarstýringu í snjallsíma.

Fáðu nánari upplýsingar hjá heyrnarfræðingi þínum.

Táknin sem notuð eru í þessum bæklingi



Táknar ástand, sem gæti valdið alvarlegum, umtalsverðum eða minni háttar slysum.



Gefur til kynna hugsanlegt eignatjón.



Ráð og vísbendingar um hvernig á að meðhöndla tækið betur.

Bilanagreining

Vandamál og hugsanlegar lausnir

Hljóðið er dauft.

- Bættu við hljóðstyrkinn.
- Skiptu um rafhlöðu eða settu hana í hleðslu (eftir gerð rafhlöðunnar).
- Þrífðu eða skiptu um eyrnatappa.

Heyrnartækið gefur frá sér ískurhljóð.

- Settu eyrnatappann aftur í þannig að hann sitji vel.
- Lækkaðu hljóðstyrkinn.
- Þrífðu eða skiptu um eyrnatappa.

Hljóðið er bjagað.

- Lækkaðu hljóðstyrkinn.
- Skiptu um rafhlöðu eða settu hana í hleðslu (eftir gerð rafhlöðunnar).
- Þrífðu eða skiptu um eyrnatappa.

Heyrnartækið gefur frá sér hljóðmerki.

- Skiptu um rafhlöðu eða settu hana í hleðslu (eftir gerð rafhlöðunnar).

Vandamál og hugsanlegar lausnir

Heyrnartækið virkar ekki.

- Kveiktu á heyrnartækinu.
 - Lokaðu rafhlöðuhólfinu varlega að fullu.
 - Skiptu um rafhlöðu eða settu hana í hleðslu (eftir gerð rafhlöðunnar).
 - Gættu þess að rafhlaðan sé rétt sett í.
 - Ræsingartöfin er virk. Bíddu í nokkrar sekúndur og reyndu aftur.
-

Hafðu samband við heyrnarfræðing ef þú lendir í frekari vandamálum.

Þjónustuupplýsingar

Raðnúmer

Vinstra:

Hægra:

Þjónustudagsetningar

1:

2:

3:

4:

5:

6:

Heyrnarsérfræðingur

Kaupdagur:

Sérstakar landsupplýsingar

Löglegur framleiðandi

Siemens Audiologische Technik GmbH

Gebbertstrasse 125

91058 Erlangen

Þýskalandi

Sími +49 9131 308 0

Skjal nr. A91SAT-02372-99T02-7600 IS

Pöntun/hlutarnr. 108 264 04 | Master Rev03, 08.2014

© Siemens AG, 08.2014

www.siemens.com/hearing